

ENDURRIT ÚR DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2017, mánudaginn 10. apríl, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn úrskurður í kærumálinu nr. 3/2017:

Handknattleiksdeild Gróttu
gegn
Handknattleikssambandi Íslands

Málið dæmir Halldór Kr. Þorsteinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem er dagsett 10. apríl 2017 og móttokin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málinu var vísað frá dómi með úrskurði dags. 10. apríl 2017. Kærandi skaut málinu aftur fyrir dóminn með kæru dags. 10. apríl 2017, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ.

Málið var þingfest og dómtekið 10. apríl 2017 og úrskurður kveðinn upp sama dag.

Frammi liggja dóm skjöl merkt nr. 1-3:

1. kæra dags. 10. apríl 2017
2. samskipti Andra Sigfússonar og Róberts Geirs Gíslasonar dags. 6.-7. apríl 2017
3. úrskurður aganefndar HSÍ dags. 10. apríl 2017

Dómkröfur kæranda

Kærandi gerir þær kröfur að að felldur verði úr gildi sá hluti úrskurðar aganefndar í máli Þráins Orra Jónssonar, sem upp var kveðinn 10. apríl 2017, að úrskurðurinn taki þegar gildi og svo úrskurðað af dómstól HSÍ að úrskurðurinn taki gildi 13. apríl nk. kl. 12.00.

Málsatvik

Atvik málsins eru þau að 4. apríl 2017 fékk Þráinn Orri Jónsson, leikmaður kæranda, rautt og blátt spjald í leik félagsins gegn Fram í 27. umferð Íslandsmóts karla. Í kjölfarið, þá 6.-7. apríl 2017, ræddu aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla kæranda, Andri Sigfússon, og starfsmaður kærða, Róbert Geir Gíslason, um tilhögun á úrskurði aganefndar í málinu. Þann 9. apríl 2017 var sent erindi f.h. kæranda til aganefndar HSÍ og þess krafist, annars vegar að mál leikmannsins yrði ekki tekið fyrir á fundi aganefndar dags. 10. apríl 2017, og hins vegar að úrskurður í málinu tæki í öllu falli gildi kl. 12.00 fimmtudaginn 13. apríl 2017. Aganefnd HSÍ hafnaði kröfu kæranda dags. 9. apríl 2017. Með úrskurði hennar dags. 10. apríl 2017 var leikmanninum gert að sæta eins leiks banni. Úrskurðurinn tók gildi við birtingu á heimasíðu HSÍ þann 10. apríl 2017.

Málsástæður kæranda

Kærandi heldur því fram að úrskurður aganefndar gagnaðila fái ekki staðist því hann fari í bága við reglur HSÍ um gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Kærandi bendir á að í reglugerð HSÍ um agamál, sem sett var 26. september 2016, sé fjallað um starsfhætti aganefndarinnar. Þar sé gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða leik í úrslitakeppni eða annars konar leik. Þegar um leiki í úrslitakeppni sé að ræða fari um meðferð aganefndar eftir 2. mgr. 3. gr. reglnanna. Þar segi m.a.:

[m]eðan á úrslitakeppni Íslandsmóts, deildarbikarkeppni og lokakeppni bikarkeppni HSÍ stendur skulu dómáramar viðkomandi leiks skila skýrslu til skrifstofu HSÍ fyrir miðnætti þann dag sem leik lýkur og skal aganefnd ljúka afgreiðslu málsins fyrir hádegi daginn eftir. [...] Skrifstofa HSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um að skýrsla hafi borist og skal félagið hafa til kl. 12 næsta dag á eftir til að skila inn athugasemdum sínum til skrifstofu HSÍ. Aganefnd skal síðan afgreiða slík mál endanlega þann sama dag.

Ljóst sé að ákvæði 2. mgr. 3. gr. eigi aðeins við um atvik sem komi upp í þeim keppnum sem ákvæðið tilgreinir, þ. á m. úrslitakeppni Íslandsmóts, en ekki í leikjum Íslandsmótsins áður en úrslitakeppni fer fram. Um þetta vísar kærandi jafnframt til skýringar á 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Þar sem brot leikmannsins hafi ekki átt sér ekki stað í úrslitakeppni fari um það eftir almennum reglum en ekki þeim sérreglum sem gildi um brot í úrslitakeppni.

Um málsmeðferð vísar kærandi til 1. mgr. 2. gr. tilvitnaðra reglna og enn fremur til 1. mgr. 7. gr. en þar kemur fram að úrskurður aganefndar taki gildi klukkan 12.00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir fund aganefndar.

Niðurstaða dómsins

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Á meðal reglna sem dómstólum HSÍ er skylt að líta til við úrlausn mála eru reglugerðir HSÍ, þ. á m. reglugerð HSÍ um agamál, sem sett er með stoð í 18. grein laga HSÍ. Núgildandi reglugerð um agamál var samþykkt af stjórn HSÍ 26. september 2016.

Í 9. gr. reglugerðarinnar er að finna takmarkanir á því hvaða úrskurðum aganefndar verði áfrýjað til dómstóls HSÍ. Þar segir að heimilt sé að skjóta til dómstólsins úrskurðum aganefndar sem kveða á um að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærrí fjárhæð en kr. 100.000,-. Að öðru leyti verði úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað. Þótt þess sé ekki getið í reglugerðinni, má leiða líkur að því að með þessu ákvæði sé takmörkuð þau tilvik þar sem úrskurðum aganefndar verður skotið til Dómstóls HSÍ við að viðurlög séu í þyngrí kantinum.

Hugtakið „tímabundið bann“ verður að túlka með hliðsjón af III. kafla reglugerðarinnar, sem ber titilinn *viðurlög við brotum*. Þar er gerður greinarmunur á leikbönum sem fela í sér að leikmanni sé gert að missa einum eða fleiri kappleikjum annars vegar og tímabundnum leikbönum hins vegar, sem miðast við tíma, t.d. þar sem leikmaður er úrskurðaður í eins mánaðar langt bann.

Í málinu sem hér er til skoðunar er kærður úrskurður aganefndar um leikbann yfir leikmanni kæranda. Ljóst er að leikmaðurinn var úrskurðaður í eins leiks bann. Fyrrgreind skilyrði 9. gr. reglugerðar HSÍ um agamál eru þ.a.l. ekki uppfyllt í málinu þannig að skjóta megi málinu til dómstólsins. Þar sem Dómstól HSÍ skortir heimild til að fjalla um málið verður að vísa því frá dómi, sbr. 36. gr. laga HSÍ og fyrrnefnda 9. gr. reglugerðar HSÍ um agamál en einnig meginreglu réttarfars, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð

Kæru Handknattleiksdeildar Gróttu gegn Handknattleikssambandi Íslands dags. 10. apríl 2017 er vísað frá dómi.


Halldór Kr. Þorsteinsson